



Ákvörðun nr. 10/2022

Meint brot á fjaraskiptaleynd

(mál nr. 2022050016)

I.

Erindið

(1) Fjaraskiptastofu (hér eftir FST) barst kvörtun, ásamt fylgigögnum,¹ frá [...]² (hér eftir kvartandi) þann 24. mars 2022 á hendur Sólartúni ehf., sem væri útgefandi Mannlífs, og forsvarsmanni þess [...] (hér eftir fyrirvarsmaður), vegna móttöku og dreifingu á trúnaðarsamskiptum milli kvartanda og fyrrum umbjóðanda hans.

(2) Í kvörtun kom fram að kvartandi starfaði sem lögmaður og átti í tölvupóstumsamskiptum við fyrrum umbjóðanda sinn vegna yfirlýsingar sem hann hafði áður sent á fyrirvarsmann. Fyrir mistök hefði kvartandi slegið inn tölvupóstfang hans og póstur sem að átti ekki að berast honum var sendur á hann óafvitandi.

(3) Tölvupósturinn, dags. 11. mars 2022, var svohljóðandi:

[...]³

(4) Að mati kvartanda væri ljóst af samskiptunum að um væri að ræða trúnaðarmál sem ætti alls ekkert erindi við fyrirvarsmanninn, en engu að síður hefði hann mótttekið tölvupóstinn án þess að gera kvartanda viðvart um móttöku hans.

(5) Mannlíf hefði síðan birt grein þann 18. mars 2022 þar sem birt var innihald umrædds tölvupósts sem að fyrirvarsmaður hefði fengið fyrir mistök í sínar hendur. Kvartandi taldi það augljóst að fyrirvarsmaður hefði notfært sér innihald tölvupóstsins þrátt fyrir að hafa vitað eða mátt vera það ljóst að hann hefði borist honum fyrir mistök. Þá gæfi fyrirsögn greinarinnar slíkt til kynna en þar var tekið fram að um viðkvæman póst til ritstjóra Mannlífs væri að ræða.

(6) Kvartandi taldi að fyrirvarsmaður hafi vísitandi birt innihald póstsins með það að markmiði að skaða kvartanda sem mest. Kvartandi taldi að fyrirvarsmaður og félagið hans

¹ Hin umþrættu tölvupóstumskipti, dags. 11. mars 2022 og grein Mannlífs dags. 18. mars 2022.

² Nafn kvartanda felld brott vegna trúnaðar.

³ Efni tölvupóstsins ekki birt opinberlega.



Sólartún ehf. hefði gerst brotlegt við [17. mgr.] 47. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 (hér eftir fjarskiptalög), auk annarra laga.

(7) Krafa kvartanda laut að því að stofnunin hlutaðist til í málinu og að fyrirvarsmanni og Sólartúni ehf. yrði gert að fjarlægja umrædda umfjöllun hið fyrsta og gert að sæta viðurlögum skv. XVI. kafla fjarskiptalaga. Þá taldi kvartandi tilefni til að beita viðurlögum skv. 74. gr. laganna, enda væri um að ræða dreifingu á viðkvæmum einkasamskiptum milli lögmanns og umbjóðanda, sem gerð var af ásetningi og í ávinningsskyni.

1.2. Viðbót við kvörtun

(8) Með bréfi dags. 13. maí 2022, barst FST viðbót við kvörtunina þar sem að fjallað hefði verið um upphafserindi kvartanda til stofnunarinnar á vefsíðu fjölmiðilsins Mannlífs, auk þess sem að birt væri á ný hinar viðkvæmu trúnaðar tölvupóstasamskipti sem erindi kvartanda laut að. Var það mat kvartanda að forsvarsmáður Mannlífs héldi áfram að fjalla um slíkt trúnaðarmál bæri vitni um ásetning hans til lögbrota. Var þess krafist að sú færsla sem birt var þann 12. maí 2022 yrði hluti af gögnum málsins sem fylgdu upphaflegri kæru og kröfur kvartanda ítrekaðar.

II.

Bréfaskipti

2.1. Svarbréf fyrirvarsmanns og Sólartúns ehf., dags. 17. maí 2022

(9) Með bréfi Fjarskiptastofu, dags. 3. maí. 2022 var kvörtuninni, ásamt fylgigögnum, komið á framfæri við fyrirvarsmann og Sólartún ehf. þar sem þeim var gefinn kostur á að tjá sig um kvörtunina og koma skýringum á framfæri. Svar barst með tölvupósti þann 17. maí 2022, en í því var farið stuttlega yfir forsögu málsins fram að umræddri tölvupóstsendingu sem að kvörtunin lýtur að en að mati FST er ekki talin þörf á að rekja þau málsatvik hér.

(10) Í svarbréfinu sagði að fjölmiðillinn Mannlíf hefði sent ítrekaðar fyrirspurnir á kvartanda og fyrirvarsmáður miðilsins verið í umtalsverðum samskiptum við kvartanda vegna fréttar sem varðaði kvartanda og þáverandi umbjóðanda hans. Kvartandi svaraði fyrirspurnum Mannlífs með yfirlýsingu, dags. 11. mars 2022, sem send var á tölvupóstfang fyrirvarsmannsins og annan starfsmann fjölmiðilsins. Skömmu eftir að kvartandi hafi sent framangreinda yfirlýsingu áframsendi hann þann tölvupóst með nýju efni, sbr. 3. mgr. í I. kafla, á þáverandi umbjóðanda sinn, upplýsingafulltrúa hans og fleiri einstaklinga. Sá tölvupóstur hafi jafnframt verið sendur til fyrirvarsmannsins en ekki lægi fyrir af hvaða ástæðu það væri.

(11) Þá kom fram í svarbréfinu að fyrirvarsmáður væri fjölmiðlamaður og Sólartún ehf. væri fjölmiðill, skráður hjá Fjölmiðlanefnd sem slíkur. Það væri hlutverk fjölmiðla að taka við og miðla upplýsingum til almennings sem þangað ættu erindi. Raunar væri ekki aðeins um rétt almennings að ræða heldur einnig skyldu fjölmiðla. Efni tölvupóstsins sem kvörtunin varðar hafi átt erindi við almennig.

(12) Þá var vísað til þess að fjölmiðlar störfuðu í skjóli tjáningarfrelsis, sem varið væri af 73. gr. stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944 og 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Réttur fjölmiðla til að taka við og miðla áfram upplýsingum og hugmyndum sem ættu erindi við almennig nyti verndar ákvæðisins. Ákvæði 17. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 bæri



að túlka með þeim hætti að þau víki fyrir framangreindum ákvæðum, sérstaklega 73. gr. stjórnarskrárinnar. Ákvæðið gæti ekki hnikað til stjórnarskrárbundnum rétti fjölmiðils, og skyldu, til að miðla upplýsingum sem erindi ætti við almenning. Fyrirsvarsmanni hefði verið bæði rétt og skylt að greina frá efni tölvupóstisins, þar sem kom fram hvernig lagt hefði verið á ráðin gagnvart fjölmiðli, m.a. með því að senda honum vísitandi rangar upplýsingar.

(13) Þá sagði einnig í svarbréfi fyrirsvarsmanns að ítrekað hefði verið reynt að stöðva umfjöllun Mannlífs um þáverandi umbjóðanda kvartanda og reynt að bregða fæti fyrir fjölmiðilinn. Því til stuðnings vísaði fyrirsvarsmaður til þess að fjölmargar kærur hefðu verið sendar til opinberra eftirlitsaðila í því skyni til að þagga niður fjölmiðlaumfjöllun. Þessi kæra væri talin vera jafn tilefnislítill og önnur slík erindi til annarra eftirlitsaðila og var þess krafist að kröfum kvartanda yrði hafnað.

(14) Þá fengi fyrirsvarsmaður ekki séð að Fjarskiptastofa hefði lagaheimild til að krefjast þess að umfjöllunin sem vitnað væri til skyldi fjarlægð. Þá var því mótmælt að skilyrði væru fyrir því að viðurlögum yrði beitt samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 81/2003.

2.2. Svarbréf fyrirsvarsmanns og Sólartúns ehf., dags. 25. maí 2022

(15) Með tölvupósti áframsendi FST bréf kvartanda frá 13. maí 2022, sem var viðbót við upphaflega kvörtun, á fyrirsvarsmann og Sólartún ehf. og þeim var gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum.

(16) Í svarbréfi frá fyrirsvarsmanni og Sólartúni ehf., dags. 25. maí 2022, sagði að efnislega væri ekki neitt nýtt í bréfi kvartanda. Hins vegar væri ástæða til að mótmæla því að kvartandi vísaði til vefsíðu Mannlífs sem bloggsíðu og skrif fyrirsvarsmanns á þeirri vefsíðu nefndar blogg færslur. Fyrirsvarsmaður taldi einu ástæða þess að kvartandi reyndi í kvörtun sinni að gera lítið úr starfsemi þeirra væri sú staðreynd að Mannlíf væri fjölmiðill. Fjölmiðlar nyttu sérstakrar verndar samkvæmt 73. gr. stjórnarskrár Íslands og 10. gr. Mannréttindasáttmála Íslands, sbr. lög nr. 62/1994, hvað tjáningarfrelsi varðar. Þá var áréttað að fjölmiðlar ættu ekki aðeins rétt heldur skyldu til að miðla til almennings upplýsingum sem ættu erindi til almennings.

(17) Að hans mati hefði háttsemi kvartanda sannarlega átt erindi til almennings. Enginn fjölmiðill hefði lagaskyldu til að þegja yfir slíkum upplýsingum. Þvert á móti bæri að miðla þeim til almennings. Að sama skapi var þeim upplýsingum miðlað til almennings að kvartandi hefði lagt fram enn eina kvörtunina til að bregða fæti fyrir fyrirsvarsmann. Væri bæði rétt og eðlilegt að um þetta yrði fjallað. Málið gæti ekki verið trúnaðarmál þar sem það varðaði hagsmuni fyrirsvarsmanns og Sólartúns ehf. Að lokum voru fyrri sjónarmið ítrekuð og þess krafist að kröfu kvartanda yrði hafnað.

2.3. Athugasemdir kvartanda, dags. 20. júní 2022.

(18) FST kom þessum svörum og skýringum fjölmiðilsins og fyrirsvarsmanns á framfæri við kvartanda. Með bréfi, dags. 20. júní 2022, barst Fjarskiptastofu athugasemdir kvartanda. Í bréfinu áréttaði kvartandi að málið sem væri til afgreiðslu sneri eingöngu að því hvort brotið hefði verið gegn 17. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 og að ekki væri að finna undanþágu fyrir fjölmiðla frá ákvæðum fjarskiptalaga. Enginn vafi væri á því að tölvupósturinn hefði verið



sendur fyrir mistök enda mætti sjá af frétt sem að fyrirsvarsmáður hefði ritað upp úr póstinum að honum væri vel kunnugt um að pósturinn væri ekki ætlaður honum.

(19) Þá hafnaði kvartandi því sjónarmiði um að efni tölvupóstsins ætti erindi við almenning og hefði fréttagildi. Fjarskiptalög gerðu ekki ráð fyrir undanþágum og taldi kvartandi ljóst að erindi samskiptanna við almenning hefði verið ekkert og fréttagildi ekki til staðar. Það sem eftir stæði væri hið fjárhagslega gildi sem var fólgið í birtingu fréttarinnar.

2.4. Tölvupóstur FST til lögmans RT, dags. 21. júní 2022.

(20) Fjarskiptastofa kom þessu bréfi á framfæri við lögmann fyrirsvarsmanns með tölvupósti þann 21. júní 2022, þar sem honum var gefinn kostur á að tjá sig um athugasemdir kvartanda. Stofnunin fékk engin viðbrögð við erindinu.

III.

Forsendur og niðurstaða

3.1. Lagaskil og afmörkun máls

(21) Lög um fjarskipti nr. 81/2003 (fjarskiptalög) eru nú fallin úr gildi og ný lög um fjarskipti nr. 70/2022 hafa tekið gildi frá 1. september síðastliðnum. Þar sem kvörtun barst Fjarskiptastofu í gildistíð eldri fjarskiptalaga fer um úrlausn málsins samkvæmt eldri lögum.

(22) Samkvæmt 5. mgr. 1. gr. fjarskiptalaga gilda þau ekki um efni sem sent er á fjarskiptanetum. Sú afmörkun á gildissviði laganna helgast af því að það er ekki hlutverk stjórnvalda skera úr um mörk á milli tjáningarfrælsis og friðhelgi einkalífs, en hvort tveggja eru grundvallarréttindi sem varin eru í stjórnarskránni. Slíkt úrskurðarvald er á hendi dómstóla. Samkvæmt þessu fjallar FST ekki um hvort upplýsingar sem berast um fjarskiptanet séu í þágu fjölmiðlunar og eigi sem slíkar erindi við almenning.

(23) Hins vegar getur komið til þess í einstökum tilvikum að FST þurfi að taka afstöðu til efnis fjarskiptasendinga við túlkun og framkvæmd annarra ákvæða fjarskiptalaga. Dæmi um þetta er mat stofnunarinnar á því hvort fjarskiptasending teljist vera markaðssetning í skilningi ákvæðis 46. gr. um óumbeðin fjarskipti eða, eins og í þessu tilviki, hvort að efni fjarskiptasendingar beri það með sér að hún hafi fyrir mistök verið send á rangan viðtakanda og geti þannig varðað við 17. mgr. 47. gr. laganna.

(24) Með tilliti til gildissviðs fjarskiptalaga að þá gera þau ekki ráð fyrir því að FST geti gert aðilum skylt að fjarlægja efni af vefsíðum eins og kvartandi gerir kröfu um. FST getur því ekki fjallað frekar um þennan þátt málsins. Þessi niðurstaða stofnunarinnar stendur hins vegar ekki í vegi fyrir því að það geti komið til skoðunar hjá öðrum til þess bærum aðila hvort annars konar réttindi, en þau sem tryggð eru með fjarskiptalögum, hafi verið brotin.

(25) Þá fer kvartandi fram á að FST beiti fyrirsvarsmann viðurlögum samkvæmt 74. gr. fjarskiptalaga fyrir brot á 47. gr. laganna. Stjórnvöld geta lagt stjórnvaldssektir á aðila vegna brota á lögum sem þau hafa eftirlit með, ef sérstaklega er mælt fyrir um slíka sektarheimild í lögum. Það sama á við þegar lög mæla fyrir um að stjórnvald geti beitt annars konar refsikenndum viðurlögum, t.d. sviptingu réttinda af ýmsu tagi. Í lögum um fjarskipti nr. 81/2003 er ekki að finna almenna heimild fyrir FST til að leggja á stjórnvaldssektir, heldur er slík sektarheimild bundin við tiltekin ákvæði laganna sem eru óviðkomandi máli þessu.



(26) Hins vegar er í 74. gr. fjarskiptalaga að finna almennt viðurlagaákvæði sem kveður á um að brot á ákvæðum fjarskiptalaga geti varðað sektum eða fangelsi. Það er ekki á færi stjórnvalds að beita slíku almennu viðurlagaákvæði. Það fellur í hlut dómstóla að beita slíkum viðurlögum að undangenginni lögreglurannsókn og saksókn af hálfu ákæranda. Verður því ekki fjallað frekar um kröfu kvartanda um beitingu viðurlaga í ákvörðun þessari. Aftur á móti hamlar ákvörðunin ekki að kvartandi geti sett kvörtun sína í farveg lögreglurannsóknar með því að leggja fram kæru þar að lútandi til lögreglu.

3.2. Lagaumhverfi

(27) Samkvæmt a-lið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu annast stofnunin stjórnýslu og framkvæmd á fjarskiptalögum. Leysir stofnunin úr ágreiningi aðila um túlkun og beitingu fjarskiptalaga. Samkvæmt 17. gr. laganna geta neytendur fjarskiptaþjónustu beint kvörtun til stofnunarinnar ef fjarskiptafyrirtæki brýtur gegn skyldum sínum samkvæmt lögum um fjarskipti eða gegn skilyrðum sem mælt er fyrir um í almennum heimildum, réttindum eða í rekstrarleyfi.

(28) Þrátt fyrir að ákvæði 17. gr. laganna vísi til þess að stofnunin leysi aðeins úr ágreiningi neytenda við fjarskiptafyrirtæki tekur stofnunin til meðferðar kvartanir um brot á 17. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga, óháð því hver á í hlut. Helgast sú framkvæmd af almennu eftirlitsvaldi stofnunarinnar með áðurgildandi lögum, nr. 81/2003, um fjarskipti, sbr. 2. mgr. 2. gr. laganna.

(29) Í 17. mgr. 47. gr. áðurgildandi fjarskiptalaga segir eftirfarandi um leynd fjarskipta:

„Sá sem fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekur við símskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkjum og táknum eða hlustar á símtöl má ekki skrá neitt slíkt hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt ber honum að tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist sér. Skylt er að gæta fyllsta trúnaðar í slíkum tilfellum.“

(30) Allt frá árinu 1941 hefur í fjarskiptalögum, sbr. lög nr. 31/1941, verið mælt fyrir um leynd um efni fjarskipta sem fyrir mistök hafa verið send á óviðkomandi móttakanda. Samkvæmt greinargerð með því frumvarpi sem varð að lögnum þótti nauðsynlegt að setja ákvæði um móttöku fjarskipta svo að samræmdist ákvæðum alþjóðafjarskiptasamningsins (Madrid, 1932) og alþjóðaradíóreglugerðarinnar (Kairó, 1938) um leynd fjarskipta. Umrætt ákvæði sem að hér kemur til skoðunar á uppruna sinn að rekja til ákvæðis sem var svohljóðandi:

„Enginn má, án heimildar, taka við fjarskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkjum eða hlusta á fjarskiptasamtöl. Ekki má heldur skrá neitt slíkt, tilkynna það öðrum eða notfæra sér það á nokkurn hátt.“

(31) Var því lagt fortakslaust bann við móttöku fjarskipta án sérstakrar heimildar og gert óheimilt að notfæra sér slíkt. Með frumvarpi til fjarskiptalaga nr. 73/1984 breyttist ákvæðið með tilliti til breyttrar tækni með þeirri röksemd að ómögulegt væri að banna óviðkomandi að taka við fjarskiptum eða hlusta á fjarskiptasamtöl. Því þyrfti að mæla fyrir um verndarráðstöfun fyrir efni fjarskiptasendingarinnar. Því var ákvæðinu breytt svo að það væri aðeins bannað að menn notfærðu sér slíkt efni á nokkurn hátt og varð ákvæðið svohljóðandi:



„Sá sem með einhverjum hætti án heimildar tekur við símskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkjum eða hlustar á fjarskiptasamtöl, má ekki skrá neitt slíkt, tilkynna það öðrum eða notfæra sér það á nokkurn hátt.“

(32) Með lögum nr. 143/1996 um fjarskipti var orðalagi ákvæðisins lítillaga breytt m.a. á þann veg að það tæki til tilviljana, mistaka og án sérstakrar heimildar. Þá bættist einnig við lokamálsliður sem gerði óviðkomandi móttakanda það skylt að tilkynna um að skeyti hefði borist honum og að hann skyldi gæta trúnaðar um það. Í athugasemdum við lagagreinina í frumvarpi til laga nr. 143/1996 var ekki mikið fjallað um þessar breytingar að öðru leyti en að ákvæðið væri í meginráttum hið sama og 18. gr. áðurgildandi fjarskiptalaga frá árinu 1984. Lagagreinin var svohljóðandi:

„Sá sem fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekur við símskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkjum eða hlustar á fjarskiptasamtöl má ekki skrá neitt slíkt hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Berist manni með slíkum hætti skeyti eða skjal, skal viðkomandi tilkynna sendanda að slíkt hafi ranglega borist sér. Skylt er að gæta fyllsta trúnaðar í slíkum tilfellum.“

3.3. Niðurstaða

(33) Orðalag 17. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga felur í sér, líkt og fram kom í ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 16/2016, að stofnunin þarf að horfa til ákveðinna atriða við mat á því hvort að um brot sé að ræða á ákvæðinu. Þessi skilyrði eru:

1. Liggja þarf ljóst fyrir að sending tölvupósts hafi verið á rangan viðtakanda fyrir mistök.
2. Móttakandi skeytisins þarf annað hvort að hafa vitað eða honum mátt vera það ljóst að mistök eða tilviljun hafi átt sér stað.
3. Sé síðara skilyrðið uppfyllt, ber móttakanda að tilkynna sendanda um mistökin og gæta trúnaðar um innihald upplýsinganna.⁴

(34) Ofangreint er forsenda þess að ákvæði laganna verði talið eiga við hverju sinni. Verndarandlag ákvæðisins er sá aðili sem fyrir mistök sendir tölvupóst á ranga aðila.

(35) Upphaflega sendi kvartandi tölvupóst með viðhengi á tvö tölvupóstföng starfsmanna fjölmiðilsins Mannlífs, þar á meðal ritstjórnann sem að kvörtunin beinist að. Umrætt skeyti hafði að geyma í viðhengi yfirlýsingu til fjölmiðilsins. Stuttu síðar áframsendir kvartandi þetta skeyti á fimm tölvupóstföng en þeirra á meðal var tölvupóstfang ritstjórans sem hafði fengið fyrra skeytið. Yfirskrift eða efnislína (e. subject) seinna skeytisins óbreytt nema að því er varðar skammstöfunina fyrir áframsendingu pósts: „FW: Yfirlýsing lögsögu Lögmansstofu slf. vegna greiðslna til [...]“

(36) Samkvæmt upphafserindi kvartanda sló hann inn fyrir mistök tölvupóstfangið og pósturinn sem að átti ekki að berast fyrirsvarsmanni var sendur á hann óafvitandi. Gögn þessa máls gefa ekki tilefni til þess að draga í efa þessa staðhæfingu kvartanda. Út frá þessu hefur

⁴ Ákvörðun nr. 16/2016 Notkun tölvupósts sem sendur var fyrir meint mistök. Bls. 6



Fjarskiptastofa ekki ástæðu til að ætla annað en að ætla að fyrsta skilyrðið sé uppfyllt, þ.e. að sendingin hafi verið send á rangan viðtakanda fyrir mistök eða tilviljun.

(37) Kemur þá til skoðunar hvort að móttakandi sendingarinnar hafi vitað eða honum hafi mátt vera það ljóst að mistök hafi átt sér stað þegar tölvuskeytið var sent á hann.

(38) Kvartandi var búinn að vera í nokkrum samskiptum við viðtakanda vegna meginefnis tölvupóstsins og líkt og áður sagði var sá póstur áframsendur á nokkra einstaklinga. Hinn áframsendi tölvupóstur hefst á upphafsorðunum „Sæl [...]“ en að öðru leyti er orðalag tölvupóstsins þannig að því gæti alveg eins verið beint að fleiri viðtakendum s.s. „Nú skulum við [...]“, „ég læt ykkur vita[...]“ og „[...]synca okkur áfram.“

(39) Kvartandi ber því við að ljóst væri af samskiptunum í hinum áframsenda tölvupósti að um trúnaðarmál væri að ræða sem að ætti ekki erindi við ritstjóra Mannlífs sem hefði tekið við tölvupóstinum án þess að gera viðvart um móttöku hans.

(40) Fyrirliggjandi gögn málsins gera FST það hins vegar illmögulegt að komast að ótvíræðri niðurstöðu um að huglæg afstaða móttakanda liggi fyrir, þ.e. hvort að honum hafi verið það ljóst að skeytið hafi borist honum fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar. Sú niðurstaða ræðst einnig af því að orðalag tölvuskeytisins er í fleirtölu, viðtakendur skeytisins voru margir og um var að ræða áframsendingu tölvuskeytis sem móttakandi hafði áður fengið og með sömu efnislínu.

(41) Almennt verður að ætla að ein meginforsenda þess að viðtakanda tölvupósts megi vera ljóst að pósturinn hafi verið sendur honum fyrir mistök eða misskilning er ef efni póstsins er honum með öllu óviðkomandi við fyrstu sýn. Í tilviki þessa máls hafði viðtakandinn hins vegar ákveðin tengsl við efni tölvupóstsins sem hafði mögulega áhrif á huglæga afstöðu hans til þess hvort tölvupósturinn hafi verið honum óviðkomandi. Með öðrum orðum hafi viðtakanda, við þessar aðstæður, verið erfiðara um vik að meta hvort að tölvupósturinn hafi verið sendur honum fyrir mistök eða ekki.

(42) FST getur ekki fallist á það sjónarmið kvartanda að fyrirsögn fréttar Mannlífs, dags. 18. mars 2022, gefi það til kynna að ritstjóra fjölmiðilsins hafi vitað að tölvupósturinn hafi ekki verið ætlaður honum. Fyrirsögnin fréttar Mannlífs segir aðeins að um viðkvæman tölvupóst hafi verið að ræða. Þá verður ekki heldur séð af efni fréttarinnar, sem og fréttar Mannlífs þann 12. maí 2022, að gengist sé við því að móttakanda hafi mátt vera kunnugt að um mistök eða tilviljun hafi verið ræða.

(43) Með tilliti til framangreinds verður ekki talið að skilyrði númer tvö sé uppfyllt og því er ekki þörf á því að fjalla um þriðja skilyrðið, sbr. málsgrein nr. 33. Atvik geta verið með þeim hætti að tölvupóstur hafi sannarlega verið sendur á rangan viðtakanda fyrir mistök eða tilviljun, án þess að viðtakandi póstsins hafi gert sér grein fyrir því. Gögn þessa máls renna ekki traustum stoðum undir hlutlægt mat á því að fyrirsvarsmaður fjölmiðilsins og útgáfufélagsins hafi vitað eða mátt vera ljóst að tölvupóstur, sem kvartandi sendi honum þann 11. mars 2022, hafi verið sendur honum fyrir mistök eða tilviljun. Vitneskja eða ætluð vitneskja viðtakanda um að mistök eða misskilningur hafi átt sér stað við sendingu tölvupósts, sem hann hefur



mótttekið, er forsenda fyrir beitingu á 17. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003. Því er óhjákvæmilegt annað en, eins og hér háttar til, að hafna kröfu kvartanda.

Ákvörðunarorð

- 1. Kröfu [...], dags. 24 mars og 13. maí 2022, um að [...] og Sólartún ehf. hafi brotið gegn 17. mgr. 47. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003, er hafnað.**
- 2. Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 20. gr. laga nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Fjarskiptastofu. Samkvæmt lögum nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu getur aðili einnig borið ákvörðun stofnunarinnar beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.**

Fjarskiptastofa, 12. október 2022

Hrafnkell V. Gíslason

Arnar Stefánsson